

# Ársfundur Landsaðgangs 14. mars 2007

Fyrsti ársfundur Landsaðgangs var haldinn miðvikudaginn 14. mars, kl. 15.00 í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöðu. Fundurinn fjallaði um:

## 1. Landsbókavörður kynnti nýjan þjónustusamning um landsaðgang.

Sigrún Klara Hannesdóttir kynnti þjónustusamning og fór yfir einstaka þætti hans. Í lok yfirferðar kom fram að miðlægt fé sem rynni til aðgangsins yrði 35 milljónir auk verðlagsuppfærslu fjárlaga. Þóra Gylfadóttir spurði hverjar væru forsendur þeirrar verðlagsuppfærslu. Það kom fram að fjármálaráðuneyti myndi þessar forsendur eftir verðlagshækkunum og ákveddi á hverju ári hver hún ætti að vera fyrir fasta fjárlagaliði.

## 2. Fulltrúar tilnefndir í stjórnarnefnd.

Samkvæmt grein 3 í þjónustusamningi er stjórnarnefnd landsaðgangs til ráðgjafar Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Hún er skipuð fimm fulltrúum til þriggja ára og þeir eru tilnefndir á ársfundi. Sigrún kynnti að unnið hefði verið að því að fá tilnefningar í nefndina frá helstu hagsmunaaðilum. Þessi voru tilnefnd:

- Anna Torfadóttir, borgarbókavörður.
- Guðrún Pálsdóttir, Veðurstofu Íslands. Hún mun sitja fram á haust 2007 og þá tekur við Pálína Héðinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Guðrún Tryggvadóttir, forstöðumaður bókasafns- og upplýsingaþjónustu Háskólans í Reykjavík.
- Sigurður Hafsteinsson, fjármálastjóri Háskóla Íslands.
- Sólveig Þorsteinsdóttir, forstöðumaður, sviðsstjóri bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Stærstu einstöku greiðendur til aðgangsins eru Háskóli Íslands, Landsbókasafn, Landspítali og Háskólinn í Reykjavík. Sigrún sagði að í samræmi við þetta hefðu verið tilnefndir fulltrúar frá HÍ, Lsh og HR. Að því loknu hefði verið rætt við Samband íslenskra sveitarfélaga um tilnefningu. Að lokum hefði verið rætt við menntamálaráðuneyti um hvort það vildi tilnefna fulltrúa, en ráðuneytið hefði óskað eftir að fimmti fulltrúinn væri tilnefndur af Upplýsingu. Engin fleiri framboð komu á fundinum og var því sjálfkjörið í stjórnarnefnd.

Þóra sagði að hún hefði viljað sjá ákvæði í þjónustusamningi um að umsjónarmaður væri tengiliður milli notenda og birgja. Sigrún stakk upp á að þetta málefni yrði tekið upp undir lið 7, önnur mál.

## 3. Ársskýrsla landssamninga 2006.

Sveinn Ólafsson kynnti ársskýrslu landsaðgangs fyrir árið 2006. Fram kom að nokkuð röskur vöxtur varð á notkun á því ári eftir hægán vöxt árið áður. Sólveig kom með leiðréttingu varðandi þá aðila sem kosta landsaðgang að OVID, og var þar bætt við þeim aðilum, landlæknisembættinu og HA. Sveinn benti á að auk ársskýrslu væru miklar upplýsingar um notkun, greiðendur og aðra þætti rekstrar á hvar.is.

## 4. Ársreikningar landsaðgangs 2006.

Edda G. Björgvinsdóttir kynnti rekstrarreikning landsaðgangs fyrir 2006, sem gerir grein fyrir hvernig þeim 27,3 milljónum króna sem runnu til aðgangsins af fjárlögum var ráðstafað. Rúmlega 78.000 króna halli var á þessum reikningi. Edda taldi að laun hefðu verið reiknuð lægri en sem svaraði vinnuframlagi starfsmanna safnsins á árinu 2006, sem var mikið samningaár, bæði við erlenda birgja og um greiðslulíkan innanlands. Sólveig benti á að mikið vinnuframlag kæmi einnig frá starfsfólki annarra bókasafna, fólks sem starfaði í samninganefnd við erlenda birgja og vann að skiptingu greiðslulíkans. Sveinn benti á að undir liðnum TDNet væru tekin afnotagjöld fyrir tvö ár í einu. Fram kom að undir liðnum TDNet var einnig kostnaður við vefinn hvar.is og mælingar á notkun hans. Þóra taldi að hér væri verið að setja saman tvo ólíka verkþætti í einn gjaldalið. Guðrún Pálsdóttir spurði hvort fjárhagsupplýsingar væru á hvar.is og sagði Sveinn svo ekki vera. Sigrún taldi að kynna ætti betur kostnað og tók

Þóra undir það. Edda taldi að hægt væri að setja upplýsingar um kostnað við samanlagða reikninga á vef landsaðgangs, þó að ekki yrðu settar fram upphæðir vegna einstakra samninga.

#### 5. Greiðsluskipting og gerð greiðslulíkana.

Sigrún gerði grein fyrir skiptingu greiðslna vegna rafrænna tímarita innan einstakra greiðsluhópa og fór sérstaklega yfir líkanið sem er notað til að skipta þessum greiðslum milli háskóla. Heildarupphæð þeirra áskrifta varð 84,6 milljónir króna á árinu 2007 og markast sú upphæð mikið af gengi reikningsgjaldmiðla þann dag sem hún er greidd. Hún sagði að sátt ríkti um greiðsluskiptingu vegna gagnasafna, sem væri lægri upphæð, eða um 24 milljónir króna. Þóra taldi að þessar tölur sýndu mikilvægi þess að gera könnun á notkun landsaðgangsins.

#### 6. Samningar við greiðendur.

Sigrún sagði að fyrir dyrum stæði að gera samninga við greiðendur. Áður hafði komið fram að ríkisendurskoðandi taldi hæpið að safnið gæti sent reikninga vegna aðgangsins til stofnana sem ekki hefðu samþykkt þá fyrirfram.

#### 7. Önnur mál.

Sigrún tók upp tillögu Þóru sem sagði að hún hefði viljað sjá ákvæði í þjónustusamningi um að umsjónarmaður væri tengiliður milli notenda og birgja (sjá neðst undir lið 2) sem ályktun fundarins. Engin andmæli komu fram og skoðast tillagan samþykkt.

Fundi slitið 16.15.

Fundargerð ritaði Sveinn Ólafsson. Á fundinum voru:

Nafn	Stofnun/Fyrirtæki
Ásdís Hafstað	MH
Áslaug Agnarsdóttir	Lbs - Hbs
Edda G. Björgvinsdóttir	Lbs - Hbs
Erla K. Jónsdóttir	Borgarbókasafn
Eydís Arnviðardóttir	Iðntæknistofnun
Guðrún Pálsdóttir	Veðurstofa
Guðrún Tryggvadóttir	HR
Gunnhildur Manfreðsdóttir	Landsvirkjun
Halldóra Þorsteinsdóttir	Lbs - Hbs
Ingibjörg Sverrisdóttir	Lbs - Hbs
Lísa Z. Valdimarsdóttir	LHÍ
Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Lbs - Hbs
Sigrún Klara Hannesdóttir	Lbs - Hbs
Sigurður Hafsteinsson	HÍ
Sigurður Þór Baldvinsson	Utanríkisráðuneytið
Sólveig Þorsteinsdóttir	Lsh
Sveinbjörg Sveinsdóttir	Landskerfi bókasafna
Sveinn Ólafsson	Lbs - Hbs
Valborg Stefánsdóttir	Seðlabankinn
Þorsteinn Hallgrímsson	Lbs - Hbs
Þóra Gylfadóttir	HR
Þórdís Þórarinsdóttir	MS
Þórhildur S. Sigurðardóttir	KHÍ